skoða sýninguna, — óska þess persónulega, að sem flestir eigi erindi í þennan sýningarsal — en það yrði næsta lítið mark á mér tekið í framtíðinni, ef ég lýsti þessari sýningu sem einstaklega spennandi uppákomu...

Leitt er, hve félagið fer löturlega af stað með þennan sýningarsal líkt og hann komi einungis fáum við — og að það sé fyrir neðan virðingu félagsins að vinna hér myndarlega að málum og fara af stað með nokkurri reisn, hávaða og glæsibrag. Frá mínum eigin bæjardyrum séð er þetta skemmtilegur, og menningarlegur viðburður, enda sé ég hér myndir aftur, er ég sá margar hverjar á viku hverri fyrir aldarfjórðungi, er ég dvaldist í Róm og leit iðulega inn í húsakynni „Circolo Scandinavo", — aðallega til að lesa norræn blöð. Dásamlegur staður, yndislegt umhverfi, — tímabil, er stendur mér í minni ljóslifandi og aldrei gleymist.

Ég vona, að næstu sýningar á þessum stað verði til að vekja meiri áhuga á „innliti" en þessi og óska salnum betri daga og langlífis.

sem endurnýjar listina, — ólíkt oftar fyrir tilviljun en rembing við að vera frumlegur. Poppið og allt, sem á eftir hefur komið fram á daginn í dag, á beint og óbeint uppruna sinn í Dadaismanum nema nauðvitað nýrealisminn — og þó...

— Menn þurfa að gera sér þetta allt ljóst, er þeir vinna í einhverjum anga þessara listastefna, er nú blómstra sem hæst, og ég held vissulega að Magnús Tómasson sé einn af þeim — hann vinnur af tilfinningu og markvissum skilningi á því, sem hann vill segja hverju sinni, og því eru „Smámunir" hans upplifun fyrir augað, á stundum frumlegar, en þó oftar sem endurómur af því, sem áður hefur verið gert, en þó iðulega með vissum persónulegum neista til viðbótar.

Það sem kemur þó langmest á óvart er, að myndir Magnúsar hafa aldrei notið sín betur en einmitt í glerkössunum að Kjarvalsstöðum og maður lítur nokkuð öðrum augum á þessa iðju hans eftirleiðis en hingað til, þótt ekki hafi undirritaður vanmetið hana. Sýningunni fylgir lítil en snotur sýningarskrá með myndum af nokkrum verkanna ásamt formála listfræðings Kjarvalsstaða og örstuttar sjálfstjáningar listamannsins. Allt þetta er mjög til fyrirmyndar.

Bragi Ásgeirsson.


**BRÚÐULEIKHÚS**

(Marionettan)

Albrecht Roser sýnir „Gústaf og félaga hans" sunnudaginn 23. apríl '78 kl. 20.00
í samkomusal Hagaskólans við Hagatorg.
Miðasala hefst kl. 18.00.
Miðar á kr. 1200 við innganginn
Aldurstakmark 15 ár
Sýningin er ekki háð neinni tungumálakunnáttu.

A vegum
Goethe-stofnunarinnar
Þýzka bókasafnsins og
Unima á Íslandi

Félag járniðnaðarmanna

# Félagsfundur

verður haldinn miðvikudaginn 26. apríl 1978 kl. 8:30 e.h. í Tarnarbúð uppi.

Dagskrá:
1. Félagsmál
2. Kosning fulltrúa á 8. þing Málm- og skipasmiðasambands Íslands
3. Önnur mál

Mætið vel og stundvíslega

Stjórn
Félags járniðnaðarmanna

# VÖRUBÍLAR

**Scania 110 Super '74**
Fjórir bílar til að velja úr með eða án krana.
**Scania 85 '74**
**Scania 110 Super '73**
**Scania L-85 '72**
**Scania 110 Super '72**
**Scania 80 Super '72**
**Scania '-80 '71**
Scania "56" og "76" árg. '64 til '68. Þarna höfum við tíu bíla að velja úr.
**Volvo F-88 '74**
selst á grind eða með skífuvagni.
**Volvo F-86 '74**
nokkrir bílar að velja úr, keyrðir frá 38 þús. til 100 þ.
**Volvo F-88 '73**
**Volvo FB-86 '73**
**Volvo N-88 '72**
með eða án krana.
**Volvo F-86 '72**
túrbína, búkki.
**Volvo "86" '71** með krana
**Volvo F-88 '71**
**Volvo F-88 '70**
**Volvo "86" '70** búkki.
**Volvo F-88 '69**
**Volvo F-86 '68**
**Volvo '61 til '65**
margir bílar að velja úr, með og án búkka.

**Benz 2624 '74** 10 hjóla.
**Benz 1513 '74** 6 hjóla.
**Benz 1513 '73** 6 hjóla.
nokkrir bílar.
**Benz 2224 '73** 10 hjóla
með krana.
**Benz 1513 '72**
**Benz 2224 '72** 10 hjóla
**Benz 1819 '71**
**Benz 1413 '69**
**Benz 1413 '69**
**Benz 1413 '69**
**Benz 1513 '70**
**Benz árg. '61 til '68**
allskonar stærðir, 6 og 10 hjóla 322, 1413, 1418, 1518 o.fl.

Við auglýsum ekki verð á þessum vörubílum, vegna þess að verðbreytingar eru einmitt að taka gildi á nýjum bílum, og mun hafa einhver áhrif á verð á notuðum vörubílum. Samt er mönnum ráðlagt að fresta ekki kaupum á vörubíl, þar sem verðið hækkar með hverjum mánuði.

Eins og áður þá auglýsum við ekki alla vörubíla sem við erum með á söluskrá. (Þeir eru um 100).

Talið við okkur um vörubíla. Það er alltaf gaman að tala um góðan vörubíl.

Aðal Bílasalan
Skúlagötu 40, símar 19181 og 15014.

# Sérstakt kynningarverð

Á tímum vaxandi verðbólgu ætlar Fálkinn að koma til móts við viðskiptavinina og bjóða sérstakan afslátt á eftirfarandi hljómplötum:

Tína Charles Kr. 3.000 áður 4.590.-







Labella Epoque kr. 3.000 áður 4.250.-

Við erum hræddir um að nýjasta rock opera Andrew Lloyd Webber og Tim Rice (höf. Jesus Christ Superstar), hafi farið fram hjá mörgum, þótt ekkert sé hún síðri. Harpo líkt löndum sínum í Abba batnar með hverri hljómplötunni. Þetta er plata sem gleður jafnt unga sem aldna.

Eitt af því sem vantar í mörg plötusöfn, eru disco plötur. Hér eru í boði 2 mjög góðar, sem eru ómissandi í hvert samkvæmi.

Evíta kr. 4.900 áður 6.450.-







Harpo kr. 3.000 áður 4.590.

SÖKUM TAKMARKAÐRA BIRGÐA GILDIR TILBOÐ ÞETTA AÐEINS TIL MÁNAÐAMÓTA.

MESTA HLJÓMPLÖTUÚRVAL LANDSINS

RCA CBS Polydor PHILIPS DECCA EMI

FÁLKINN®
Suðurlandsbraut 8 84670
Laugavegi 24 18670
Vesturveri 12110